

sínu og fái það skrásett með þeim einkarétti, sem tiltekinn er í hinum áfrýjaða dómi.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðar ákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann.

Stefndi hefir eigi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, og er þá rétt, að hann falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 37/1912:

Jón Árnason

gegn

Holger Debell fyrir hönd hins
danska steinolíuhlutafélags.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 28. marz þ. á., var áfrýjanda Jóni kaupmanni Arnasyni í Reykjavík eftir kröfu stefnda, Holger Debell fyrir hönd »hins danska steinolíuhlutafélags«, dæmt óheimilt að nota á steinolíu og allskonar steinolíuafurðir, nafta eða aðra lýsingarvökva, vörumerki, er stefndi taldi of líkt skrásettu vörumerki sínu, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. sept. þ. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði

algerlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda, og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Tildrög málsins eru þau, að stefndi lét skrásetja í Reykjavík 12. apríl 1911 vörumerki, er þannig er lýst í vörumerkjaskránni: »Hringmyndað einkunnarmerki og stendur efst á því í boga: *Extra Refined*. Undir þessum orðum stendur í tveim línum: *D. D. P. A.* og *Rocklight*. Fyrir neðan hið síðast talda orð eru þrjár stjörnur og neðst í línu bogadreginni niður á við orðið *Petroleum*. Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1911 samkv. tilsk. 21. febr. s. á., er að eins skrásett fyrir steinolíu og allskonar steinolíuafurðir, nafta og aðra lýsingarvökva. Orðið *Rocklight* skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Eftir að skrásetning þessi var birt í Lögbirtingablaðinu 19. apríl f. á., hafði áfrýjandi til sölu hér í bænum og víðar steinolíu í tunnum, er letrað var á botn þeirra í hringboga upp á við: *Extra Refined*, í hringboga niður á við: *Petroleum*, yfir þveran botnið milli boglínanna orðið *Rocklight*; fyrir ofan það dreginn fimmhyrnd stjarna og fyrir neðan tunglörnd hvorttveggja með rauðum lit.

Þetta merki telur stefndi vera svo líkt sínu skrásetta vörumerki, að áfrýjanda sé óheimilt að nota það eða selja steinolíu og steinolíuafurðir í þannig merktum ílátum.

Framanskráð lýsing á vörumerki stefnda og merk-inu á oliutunnum áfrýjanda sýnir, að ekki er annað sameiginlegt með merkjum þessum en orðin *Extra Refined*

Rocklight Petroleum. Það getur nú samkv. 5 gr. 1., sbr. 8. gr. laga, 13 nóv. 1903 um vörumerki ekki komið til mála að orðin Extra Refined Petroleum eigi tilkall til verndar sem skrásett vörumerki eða partur úr því. En stefndi heldur því fram, að það eitt, að áfrýjandi noti orðið Rocklight á steinolíulátum sínum, sé nóg til þess, að hann hafi gengið á rétt steinolíufélagsins, með því að þetta sé sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, þær er taldar eru í skrásetningartilkyningu stefnda.

Samkvæmt 5. gr. 1. nefndra laga skal eigi skrásetja vörumerki, ef það einungis eru tölustafir, bókstafir eða orð, er eigi hafi svo einkennilegt lag, að þau megi teljast mynd; þó eru undan tekin frá þessu ákvæði orð, sem eru sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, sem tilgreindar eru í tilkyningunni samkvæmt 3. gr. Orðið Rocklight er nú í vörumerki stefnda skráð með almennu lettri, og fyrstéða undantekning verður að skilja svo, að hún eigi við orð, sem tilkynnandi hefir tekið upp sjálfur sem sérstakt tilbúið heiti á vörutegundinni, en ekki við orð, er annar maður hefir tekið upp áður og notað á sömu vörutegund. En eftir því, sem fram er komið í málinu, hefir stefndi eigi fyrstur tekið upp orðið Rocklight sem tilbúið heiti á sérstakri steinolíutegund, en það verður að telja sannað, að þetta orð hafi verið notað af öðrum sem nafn á steinolíu, áður en stefndi lét skrásetja vörumerki sitt, og að áfrýjandi hafi árið á undan, 1910, selt steinolíu í tunnum áletruðum þessu orði. Samkvæmt þessu, sbr. og 8. gr. sömu laga, gat stefndi þá eigi, með því að láta skrásetja framangreint vörumerki, svift áfrýjanda rétti til þess að nota orðið Rocklight fyrir vörumerki eða hluta vörumerkis eða selja steinolíu með því nafni.

Fyrir því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í þessu máli.

Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jón kaupmaður Árnason á að vera sýkn af kröfum stefnda, Holger Debell fyrir hönd »hins danska steinölfuhlutafélags«.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. desember 1912.

Nr. 41/1912:

Þorsteinn Þorkelsson
gegn

Þorsteini Gunnarssyni.

D ó m u r:

Með bærjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkeðnum 7. marz þ. á., var áfrýjandi máls þessa, Þorsteinn Þorkelsson, sjómaður hjer í bænum, dæmdur til að greiða stefnda, Þorsteini Gunnarssyni fyrverandi lögregluþjóni, húsaleigu-skuld, að upphæð 40 kr., með 5⁰/₁₀ ársvöxtum frá 18. okt. f. á. til borgunardags og málskostnað 15 kr. Þessum dómi hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. okt. þ. á., og krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins, og til vara, að málskostn-